

Við undirritaðar útgerðir í Ísafjarðarbæ leggjum til eftirfarandi breytingar á sérreglum Ísafjarðarbæjar við úthlutun byggðakvóta Ísafjarðarbæjar fiskveiðiárið 2022/2023.

Að byggðakjarnapottarnir verði sameinaðir í einn*

Vinnsluskylda (vinnslusamningar) lagðir niður.**

Úthlutun á báta skráða í byggðarlaginu og hafa leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni verði jöfn/deilt niður á báta eftir fjölda umsókna. Þó ekki meira en umræddur bátur landaði í byggðarlaginu á síðasta fiskveiðiári og að sett verði hámarksúthlutun á bát.***

* Það myndi auka jöfnuð útgerða í Ísafjarðarbæ að sameina pottana og auka með því vægi smærri útgerða til byggðakvóta.

** Vinnsluskyldan getur ekki átt rétt á sér þar sem einungis er hægt að semja við eitt fyrirtæki á staðnum, sem þar með er í einokunarstöðu og nýtir sér það þannig að aldrei verður um eiginlegan samning að ræða heldur afarkosti.

Jafnræðisreglur hafa verið brotnar og menn handvaldir í viðskipti og öðrum neitað með engum gildum rökum/forsendum og er afleiðing þess að einungis einn vinnslusamningshafi er á hverjum stað.

Vinnslusamningar hafa verið brotnir og sveigðir eftir hentugleikum af fyrirtækinu á þann hátt að menn eru skikkaðir til að landa á markað ef þannig stendur á í vinnslunni, oft óvænt svo menn geta ekki gert ráðstafanir. Eins er fiskur yfir 6kg týndur úr og seldur af fyrirtækinu á markað og fer því ekki upp á móti byggðakvóta og þar með fer út verðmætasti hluti aflans hverju sinni einungis til hagræðingar fyrir vinnslusamningshafa.

(í samningnum stendur að fyrirtækið taki við ÖLLUM afla) sem á þá að fara allur á móti byggðakvóta en með núverandi fyrirkomulagi lækkar vinnslusamningshafi einhliða viðmiðið.

Þessir gjörningar ganga hins vegar ekki yfir báta tengda fyrirtækinu sem landa öllu uppá móti byggðakvóta þegar aðrir eru skikkaðir til að landa á markaði.

*** Við teljum að skipting 40% jafnt og 60% eftir veiðireynslu geti ekki verið sanngjörn í þessu umhverfi þar sem við erum skikkaðir til að landa á markað eftir hentugleikum og fiskur 6+ kg ekki tekinn með sem mótframlag.

Markmiðið hlýtur að vera að þessi afli komi að landi sem og hann mun gera þó svo hann sé ekki settur að magninu til í hendur kvótasterkra aðila sem eru nátengdir vinnslunni.

Því mælum við með að úthlutunin verði jöfn á báta sem hafa leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni (í það minnsta snúa hlutföllunum við 60/40 ásamt hámarksúthlutun á bát svo minni bátar hafi möguleika á að fá eitthvað úr veiðireynsluhlutanum.)

Að framansögðu þá óskum við eftir meira gegnsæi og jafnræði þegar kemur að úthlutun byggðakvóta.

Fyrir hönd neðangreindra Útgerða.

Sigfus Bergmann Önundarson

sigfus.b@gmail.com

7722125

Útgerð	Kennitala	Bátur	Sskr
IES1 ehf.	4501090450	Sigfús B	6794
Peir Tveir Ehf	4305050770	Mardís	1777
AK 88 ehf.	5304111250	Valdís	7485
Sæbjartur ehf	5903200480	Lára V	6507
Sæbjartur ehf	5903200480	Lára VI	2486
Blönduósingur ehf	5909140100	Kambur	6814
Smári Karvel	0112932719	Dúddi	2064
RSG útgerð ehf	5508180780	Eva Björt	2086
Planhús ehf	6702071530	Gjafar	1929
Gnýr HU-14, útgerð ehf.	5205101090	Afi	1932
Alli Vill ehf.	4405221570	Mæja Odds	6230
Falkvard ehf	6201210370	Falkvard	2493
Björn Bergson	2601516309	ógnarbrandur	6083
Áral sf	4812891149	Bjartmar	6131
Bogga ehf	6405191420	Rún	2126
Útgerðarfélagið Vonin ehf	6204200420	Gunna Valda	7337
Mánasól ehf	6310120270	Björg Jóns	7170
Mánasól ehf	6310120270	Berti G	2544
Sæmundur fróði ehf	5203130440	Gunni Ben	7228
Ólinonni ehf	5408140900	Blikanes	7116
V 80 Leigufélag slf	5108161960	Aletta	2529
Árni Erling Sigmundsson	2609972469	Máni	5183
Krækir útgerð ehf	5301210700	Draupnir	7157
1909 ehf	6603150120	Gísli	1909
La - Or ehf	4509120770	Höski úr Nesi	6652
Svanfjörð ehf	6112181330	Svala	7242

Sveitarfélög án vinnsluskyldu:

Ákureyrarbær vegna Grímseyjar (löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).

Strandabyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).

Árneshreppur (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags).

Tálknafjarðarhreppur (breyting á viðmiðun úthlutunar, niðurfelling vinnsluskyldu).

Blönduósbær (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn, niðurfelling á vinnsluskyldu).

Langanesbyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu innan byggðarlags).

Sveitarfélagið Skagafjörður (breyting á viðmiðun úthlutunar, löndunarskylda innan sveitarfélags, niðurfelling vinnsluskyldu).

Sveitarfélagið Skagaströnd (breyting á viðmiðun úthlutunar, löndunarskylda innan byggðarlags, niðurfelling vinnsluskyldu).